



BÆN OG FAÐIR VOR

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjóvgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði –
líf mannlegt endar skjótt.

MOLDUN

Ég lifi í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristí krafti' eg segi:
Kom þú sæll þá þú vilt.

Sb. 1671 - Hallgrímur Pétursson



BLESSUN



EFTIRSPIL

Blessuð sértu, sveitin mín,
sumar, vetur, ár og daga.
Engið, fjöllin, áin þín,
yndislega sveitin mín,
heilla mig og heim til sín
huga minn úr fjarlægð draga.
Blessuð sértu, sveitin mín,
sumar, vetur, ár og daga.

Bjarni Þorsteinsson - Sigurður Jónsson

Prestur: Sr. Gunnar Stígur Reynisson
Organisti: Guðlaug Hestnes
Kór: Samkór Hornafjarðar
Umsjón: Albert Eymundsson og Örn Arnarson

*Fjölskyldan þakkar auðsýndan hlýhug og vináttu
og býður kirkjugestum að þiggja veitingar
í sal Ekru að athöfn lokinni.*



Jóhann Karl Arnarson



Fæddur 28. ágúst 1962

Dáinn 3. desember 2025

*Útför frá Hafnarkirkju,
miðvikudaginn 10. desember 2025*



FORSPIL

Í bljúgri bæn og þökk til þín,
sem þekkir mig og verkin mín.
Ég leita þín, Guð leiddu mig
og lýstu mér um ævistig.

Ég reika oft á rangri leið,
sú rétta virðist aldrei greið.
Ég geri margt, sem miður fer,
og man svo sjaldan eftir þér.

Sú ein er bæn í brjósti mér,
ég betur kunni þjóna þér.
Því veit mér feta veginn þinn,
að verðir þú æ Drottinn minn.

Pétur Þórarinsson

SIGNING OG BÆN

Kallið er komið,
komin er nú stundin,
vinaskilnaðar viðkvæm stund.
Vinirnir kveðja
vininn sinn látna,
er sefur hér hinn síðsta blund.

Far þú í friði,
friður Guðs þig blessi,
hafðu þökk fyrir allt og allt.
Gekkst þú með Guði,
Guð þér nú fylgi,
hans dýrðarhnoss þú hljóta skalt.

Margs er að minnast,
margt er hér að þakka.
Guði sé lof fyrir liðna tíð.
Margs er að minnast,
margs er að sakna.
Guð þerri tregatárin stríð.

Grátnir til grafar
göngum vér nú héðan,
fylgjum þér, vinur. Far vel á braut.
Guð oss það gefi,
glaðir vér megum
þér síðar fylgja í friðarskaut.

Valdimar Briem

RITNINGARLESTUR

Undir háu hamrabelti
höfði drúpir lítil rós.
Þráir lífsins vængjavíddir
vorsins yl og sólarljós.

Æsku minnar leiðir lágu
lengi vel um þennan stað,
krjúpa niður kyssa blómið
hversu dýrðlegt fannst mér það.

Ég held ég skynji hug þinn allan
hjartasláttinn rósín mín.
Er kristalstærir daggardropar
drjúpa milt á blöðin þín.

Finna hjá þér ást og unað
yndislega rósín mín.
Eitt er það sem aldrei gleymist,
aldrei það er minning þín.

Fríðrik Jónsson - Guðmundur Halldórsson

RITNINGARLESTUR

Á hendur fel þú honum, sem himna stýrir borg,
það allt er áttu' í vonum, og allt er veldur sorg.
Hann bylgjur getur bundið og bugað storma her,
hann fótstig getur fundið, sem fær sé handa þér.

Ef vel þú vilt þér líði, þín von á Guð sé fest.
Hann styrkir þig í stríði og stjórnar öllu best.
Að sýta sárt og kvíða, á sjálfan þig er hrís.
Nei, þú skalt biðja' og bíða, þá blessun Guðs er vís.

Ó þú minn faðir, þekkir og það í miskunn sér,
sem hagsæld minni hnekkir, og hvað mér gagnlegt er,
og ráð þitt hæsta hlýtur að hafa framgang sinn,
því allt þér einum lýtur og eflir vilja þinn.

Þig vantar hvergi vegi, þig vantar aldrei mátt,
þín bjargráð bregðast eigi til bóta' á einhvern hátt.
Þitt starf ei nemur staðar, þín stöðvar enginn spor,
af himni' er þú þér hraðar með hjálp og líkn til vor.

Mín sál, því örugg sértu, og set á Guð þitt traust.
Hann man þig, vís þess vertu, og verndar efalaust.
Hann mun þig miskunn krýna, þú mæðist litla hríð.
Þér innan skamms mun skína úr skýjum sólin blíð.

Paul Gerhard – Björn Halldórsson

GUÐSPJALL

Sérhver draumur lifir aðeins eina nótt.
Sérhver alda rís en hnígur jafnan skjótt.
Hverju orði fylgir þögn – og þögnin hverfur allt of fljótt.

En þó að augnablikið aldrei fylli stund
skaltu eiga við það mikilvægan fund
því að tár sem þerrað burt – aldrei nær að græða grund.

Þú veist að tímans köldu fjötra enginn flýr.
Enginn frá hans löngu glímu aftur snýr.
Því skaltu fanga þessa stund – því fegurðin í henni býr.

Líttu sérhvert sólarlag,
sem þitt hinsta væri það.
Því morgni eftir orðinn dag
enginn gengur vísum að.

Bragi Valdimar Skúlason



MINNINGARORÐ

Lýs, milda ljós, í gegnum þennan geim,
mig glepur sýn,
því nú er nótt, og harla langt er heim.
Ó, hjálpin mín,
styð þú minn fót; þótt fetin nái skammt,
ég feginn verð, ef áfram miðar samt.

Ég spurði fyrr: Hvað hjálpar heilög trú
og hennar ljós?
Mér sýndist bjart, en birtan þvarr, og nú
er burt mitt hrós.
Ég elti skugga, fann þó sjaldan frið,
uns fáráð öndin sættist Guð sinn við.

Þú ljós, sem ávallt lýsa vildir mér,
þú logar enn,
í gegnum báru, brim og voðasker.
nú birtir senn.
Og ég finn aftur andans fögru dyr
og engla þá, sem barn ég þekkti fyrr.

Newman - Matthías Jochumsson

